

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015,
með síðari breytingum (framlagning fjármálaáætlunar).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „1. apríl“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 1. febrúar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 148. og 149. löggjafarþingi (477. og 447. mál) en náði ekki fram að ganga og er það nú endurflutt.

Gildandi lög um opinber fjármál gera ráð fyrir því að fjármálaáætlun sé lögð fram eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Fjármálaáætlun er hins vegar mjög viðamikil þingsályktun þar sem farið er yfir stefnu stjórnvalda fyrir næstu fjárlög sem og næstu fimm ára. Ef afgangur þingsins á að vera vel ígrunduð er nauðsynlegt að nægur tími sé gefinn til þinglegrar meðferðar þingsályktunarinnar, bæði hvað varðar umræður í þingsal og aðkomu fastanefnda en einnig fyrir umsagnaradila. Þar sem fjárlög skulu vera fyrsta mál hvers haustþings væri ekki óeðlilegt að fyrsta mál vorþings væri fjármálaáætlun. Slík breyting yrði þó heldur viðamikil og er því lagt til að fjármálaáætlun liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.